



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

OECD RÆÐA. FRANCE 24

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, flutti í morgun, miðvikudaginn 27. febrúar 2013, ræðu um hagkerfi hreinnar orku, sjálfbærni og glímu Íslands við efnahagskreppuna á fundi með sendiherrum aðildarríkja OECD, Efnahags- og framfarastofnunarinnar, í París. Á undan átti forseti fund með Angel Gurría, framkvæmdastjóra OECD, og nokkrum æðstu embættismönnum stofnunarinnar. Að lokinni ræðu forseta tóku ýmsir sendiherrar til máls sem og fulltrúi Alþjóða orkustofnunarinnar. Í kjölfarið svaraði forseti fjölda fyrirspurna.

Þá ræddi forseti í hádeginu við aðalfréttamann Evrópuþáttar alþjóðlegu sjónvarpsstöðvarinnar France 24 og verður viðtalið sýnt í næstu viku. Þar var rætt um lærdómana af glímu Íslands við efnahagskreppuna, niðurstöðu Icesave málsins, makríldeiluna og Evrópusambandið.

Ræðu forseta má nálgast á heimasíðu embættisins, forseti.is. Þar og á heimasíðu OECD (sbr. <http://www.flickr.com/photos/oecd/>) eru einnig myndir.

27. febrúar 2013

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).